

Föstudaginn 17. maí 1991.

Nr. 26/1991. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Jóhanni Jónasi Ingólfssyni

(Guðni Haraldsson hrl.).

Brot gegn 195. gr. alm. hgl. Skilorð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu. Við málf lutning fyrir Hæstarétti var af hálfu ákærvalds krafist staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi, bæði um refsingu og skaðabætur.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara, að refsing verði milduð og skaðabætur lækkaðar.

Atvik máls þessa gerðust að morgni nýársdags 1990 í fjölbýlishúsi í Reykjavík, þar sem vitnið K, þá 23 ára að aldri, bjó ein í íbúð með ungu barni sínu, er var í gæslu að heiman. Hafði hún staðið fyrir áramótasamkvæmi í íbúðinni ásamt vinafólki sínu, er bjó í sama húsi. Voru það vitnin H, systir ákærða, og unnusti H. Gestkvæmt var hjá þeim um nóttina, og var íbúðin höfð ólæst þess vegna. Í samkvæminu var áfengi haft um hönd, og var K orðin talsvert ölvuð, áður en því lauk milli kl. 6 og 7 um morguninn. Fór H þá upp til sín, en hún varð sjálf eftir í íbúðinni auk eins gestanna, sem reyndist hafa sofnað í stofunni. Hélt K inn í svefnherbergi sitt og lagðist til svefns á rúmi sínu, er var svefnbekkur, án þess að fara úr fötum, en íbúðin var áfram ólæst.

Ákærði hafði verið að skemmta sér annars staðar um nóttina, en kom í fjölbýlishúsið undir morguninn ásamt kunningja sínum, vitninu V, og kvaddi dyra hjá systur sinni. Hafði hún boðið honum í samkvæmið, án þess að K væri um það kunnugt, en sagði honum við komuna, að því væri nú lokið. Að eigin sögn ákærða og H var

ákærði þá vel ölvaður og í galsafengnu skapi. Á leið sinni frá systur ákærða eftir nokkra dvöl fóru þeir V inn í íbúð K og urðu varir við gestinn, sem svaf þar í stofunni. Skýrir V svo frá atvikum, að sér hafi dvalist hjá gestinum, en ákærði farið inn í svefnherbergið. Kveðst V einnig hafa farið þangað inn um 15-20 mínútum síðar til að vitja um ákærða. Hafi ákærði þá verið í samförum við K á svefnbekk hennar og þau bæði verið nakin. Þau hafi slitið samförunum, rétt eftir að hann kom inn, og hafi K ýtt ákærða frá sér og hlaupið út úr herberginu. Hann kveður ákærða hafa spurt sig í þessum svifum, hvort hann vildi ekki líka sofa hjá stúlkunni, en hann hafi sagst vilja fara. Þeir ákærði hafi síðan haft sig á brott úr íbúðinni, eftir að ákærði hafi klætt sig, án þess að ná að ræða við stúlkuna. Hafi hún lokað sig inni í badherbergi íbúðarinnar.

Ákærði segir frá atvikum þessum á svipaðan hátt, en telur þó helst, að V hafi verið lengur inni í svefnherberginu eða komið þangað oftast en hér var greint. Hann kveðst hafa komið að K sofandi á svefnbekknum og fengið hana til við sig með því að ávarpa hana og láta vel að henni. Hafi hún vaknað við atlot hans, að honum fannst, og aðstoðað hann við að færa hana úr fötum. Jafnframt hafi honum fundist hún taka eðlilegan þátt í samförum þeirra, sem staðið hafi nokkra stund. Hún hafi hins vegar slitið samförunum í skyndingu og sprottið upp af bekknum, þegar V hafi verið kominn inn í herbergið og ákærði farið að gantast við hann. Ákærði kveður þetta hafa gerst, áður en hann hafi fengið fullnægingu, en samfarirnar verið fullkomnar að öðru leyti.

Vitnið K skýrir svo frá, að hún hafi vaknað við það á rúmi sínu milli kl. 8.30 og 9.00 um morguninn, að maður lá ofan á henni og var að hafa við hana samfarir. Um leið hafi hún orðið vör við annan mann, er stóð úti á gólfinu og horfði á þau, og áttu mennirnir í orðaskiptum sín á milli. Hún kveðst hafa hrint mannum ofan af sér, jafnskjótt og hún áttaði sig á því, hvað væri að gerast, og hlaupið fram á badherbergi og lokað þar að sér. Jafnframt hafi hún kallað til mannanna að koma sér út. Hún hafi þá verið allnakin að öðru en því, að hún var enn í skónum, sem voru reimaðir upp að ökkla. Þegar hún hafi komið út úr badherberginu skömmu síðar, hafi mennirnir verið farnir og enginn eftir í íbúðinni nema gesturinn, sem hún vísaði einnig á dyr. Hún hafi verið mjög miður

sín eftir atburðinn og ekki vitað, hvað til bragðs skyldi taka. Um klukkustund seinna hafi hún svo farið upp í íbúð H til að skýra henni frá málavöxtum. Hringdi unnusti H á lögregluna eftir nokkra stund, þegar K fékkst ekki til þess. Eftir að lögregluþjónar voru komnir á vettvang, afréð K að fylgjast með þeim til rannsóknar-lögreglunnar og kæra atburðinn.

Við skýrslugjöf hjá rannsóknarlögreglu reyndi K að lýsa mönnum unum tveimur og taldi, að sá hefði verið dökkhærður meðalmaður, er stóð úti á gólfi, en hinn ljóshærður, er lá ofan á henni. Beindist grunur að vitninu V, þar sem síðari lýsingin gat átt við hann. Við yfirheyrslu bar hann af sér öll afskipti af stúlkunni, en vísaði á ákærða. Var ákærði þá leitaður uppi, en hann er dökkhærður. Viðurkenndi hann þegar að hafa átt samfarir við stúlkuna, en taldi þær ekki hafa verið gegn vilja hennar.

Eftir að K var kynnt frásögn ákærða, kvaðst hún enn skynja atburðinn þannig, að það hefði frekar verið ljóshærði maðurinn, sem lá ofan á henni, þegar hún rankaði við sér, en hún væri þó ekki viss í því efni. Hún kvaðst ekki geta synjað fyrir, að hún hefði að einhverju leyti komið á móti hreyfingum mannsins, meðan hún var í svefnrofunum, en það væri allt óljóst fyrir sér.

Við yfirheyrslu fyrir lögreglu kvaðst vitnið V ekki geta sagt um, hvort K hefði verið með meðvitund, þegar hann sá ákærða í samförum við hana. Fyrir dómi taldi hann, að hún hefði verið vakandi, en sú staðhæfing hans reyndist vera ályktun af því, að stúlkan gat vísað á hann á eftir.

Við skoðun á stúlkunni fannst sæði í leggöngum hennar, og sæði fannst einnig á svefnbekknum. Ekki var rannsakað, hvort sæði þetta væri úr ákærða, og má telja það til galla á rannsókn málsins.

Í máli þessu liggur það ljóst fyrir, að ákærði fór í heimildarleysi inn í íbúð vitnisins K umræddan morgun að afloknu samkvæmi þar og kom að henni sofandi á rúmi sínu. Hún þekkti hvorki til ákærða né V, féлага hans, áður en þetta gerðist, og átti ekki von á neinum inn til sín. Ákærði hefur viðurkennt samfarir við stúlkuna. Framkomnar upplýsingar gefa eindregið til kynna, að ákærði hafi fært hana úr fötum og byrjað við hana samfarir, án þess að hún hafi skynjað, hvað um væri að vera, sökum svefnruna og ölvunar. Hafi hún þannig ekki getað spornað við samförunum, fyrr en hún

sjálf hefur lýst. Jafnframt hafi ákærði ekki haft neina ástæðu til að ætla, þrátt fyrir eigin ölvun, að samfarirnar væru að vilja stúlkunnar.

Ákærði er þannig sannur að sök um þann verknað, sem lýst er í ákæru, og er hann réttilega talinn varða við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, án þess að 204. gr. sömu laga eigi við. Ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms að þessu leyti.

Ákærði hefur ekki verið fundinn sekur um brot á almennum hegningarlögum, eftir að hann náði fullorðinsaldri, en margoft sætt viðurlögum fyrir ýmis brot á umferðarlögum. Var hið síðasta afgreitt með dómsátt í sakadómi Reykjavíkur 13. júlí 1990. Vegna þess brots ber að tiltaka refsingu hans með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga. Telst hún hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi. Rétt þykir þó að fresta fullnustu 3ja mánaða af refsingunni og láta þann hluta hennar niður falla að liðnum 2 árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Með vísan til 264. gr. almennra hegningarlaga ber að dæma ákærða til að greiða K 200.000 krónur í miskabætur.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhann Jónas Ingólfsson, sæti fangelsi 6 mánuði, en fresta skal fullnustu 3ja mánaða af refsingunni, og falli hún niður að þeim hluta að liðnum 2 árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði K 200.000 krónur í miskabætur.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns, Guðna Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Eins og málsatvikum er háttað, tel ég refsingu ákærða of lágt metna í hinum áfrýjaða dómi, og væri hún hæfilega ákveðin 9 mánaða fangelsi. Sé rétturinn ekki bundinn af kröfugerð ákærvaldsins við flutning málsins, þar sem því var áfrýjað til þyngingar. Ég get þó fallist á, að refsivist umfram 3 mánuði verði skilorðsbundin.

Miskabótakrafa stúlkunnar var sett fram í bréfi frá lögmanni, eftir að héraðsdómari hafði innt hana þess við yfirheyrslu, hvort bóta yrði krafist. Þrátt fyrir ófullkomið orðalag á bréfi lögmannsins verður að skilja kröfuna þannig, að ætlast væri til vaxta af umkröfðum höfuðstól frá endanlegri ákvörðun bótanna fyrir dómi. Bar héraðsdómara að beina fyrirspurn til stúlkunnar um þetta atriði, sbr. 145. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, ef hann taldi ástæðu til að draga þennan skilning í efa, þar sem lögmaðurinn fylgdi kröfunni ekki sjálfur eftir fyrir réttinum. Með tilliti til þessa tel ég, að dæma hefði átt ákærða til að greiða vexti af bótafjárhæðinni frá dómsuppsögudegi í héraði, og eigi hið sama við hér fyrir dómi þrátt fyrir afskiptaleysi sækjanda málsins um þann þátt kröfunnar.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Eins og málsatvikum er háttað, tel ég, að refsing ákærða eigi að vera óskilorðsbundin. Ég er að öðru leyti samþykkur dómsatkvæði meiri hluta dómara.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. október 1990.

Ár 1990, mánudaginn 1. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 521/1990: Ákærvaldið gegn Jóhanni Jónasi Ingólfssyni, sem tekið var til dóms 17. september sl.

Málið er höfðað með ákærskjali ríkissaksóknara, útgefnu 7. mars sl.,

á hendur Jóhanni Jónasi Ingólfssyni verslunarmanni, Miðtúni 82, Reykjavík, fæddum 15. febrúar 1957 í Hafnarfirði, „fyrir skirlífisbrot með því að hafa um kl. 9 að morgni mánudagsins 1. janúar 1990 farið í heimildarleysi inn í íbúð í fjölbýlishúsinu nr. .. við í Reykjavík, þar sem stúlkan Í svaf í svefnherbergi íbúðarinnar, færð hana úr fötum og haft þar samfarir við stúlkuna, sem sökum svefndrunga og ölvunar skynjaði ekki, hvað gerst hafði, fyrr en samfarirnar höfðu staðið yfir nokkra stund.

Telst þetta varða við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og alls sakarkostnaðar“.

Ákærði hefur neitað sökum, og hefur verjandi hans aðallega krafist þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, þ.m.t. skaðabótakröfunni, en til vara, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu og hún höfð skilorðsbundin. Þá er krafist málsvarnarlauna, hvernig sem málið fer.

Málavextir.

Að morgni síðastliðins nýársdags var lögreglan kvödd að í Reykjavík. Þar tók á móti lögreglunni S..... E..... S....., og kvað hann Í hafa komið til sín og sambýliskonu sinnar, H..... I....., fyrir á að giska klukkutíma, og hafi hún sagt þeim, að sér hefði verið nauðgað. Ekki vildi Í kæra, en þrátt fyrir það hafi hann hringt á lögregluna. Þóra Jónasdóttir lögregluþjónn hafði tal af Í, sem virtist vera í miklu uppnámi og grét. Í fyrstu neitaði hún að koma með lögreglunni til RLR til að bera fram kæru, en féllst að lokum á það, og fóru áðurnefnd H.... og S..... með henni. Á leið til rannsóknarlögreglunnar ræddi Þóra við Í, og skýrði hún henni frá atburðum á þá leið, að á heimili sínu hefði verið samkvæmi síðastliðna nótt, og hefði íbúðin verið ólæst, svo að gestir gætu gengið beint inn. Í sagðist hafa farið að sofa um kl.7, og sagðist hún hafa sofnað á svefnsófa, sem er í herbergi íbúðarinnar, og hefði hún sofnað í öllum fötum. Hún sagðist síðan hafa vaknað á milli klukkan 8.30 og 9 við það, að karlmaður hefði legið ofan á sér og verið búinn að færa hana úr fötunum, og hefði hann haldið henni, þar til hann hefði lokið sér af. Sagði Í, að á meðan verknaðurinn átti sér stað, hefði dökkhærður karlmaður verið inni í herberginu og hlegið. Að verknaðinum loknum hefðu báðir karlmennirnir yfirgefið herbergið og skellt hurðinni á eftir sér. Samkvæmt lýsingu Þóru var ekki sjáanlegt, að Í væri undir miklum áfengisáhrifum, og ekki var að sjá áfengisáhrif á þeim S..... og H....

Þóra Jónasdóttir hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína. Hún lýsti aðkomunni að þannig, að Í hefði verið grátandi uppi í rúmi inni í svefnherbergi með áðurgreindri H..... Í virtist vera í miklu „sjokki“, og þegar hún kom fram úr herberginu, æddi hún um allt og var afskaplega

„upptrekk“ . Í fyrstu vildi hún ekki kæra, og mjög erfitt var að fá hana til að ræða um það, sem gerst hafði. Síðan féllst hún á að koma með lög-reglu til RLR, og á leiðinni þangað fór hún að róast og segja frá atburðin-um. Þóra kvað hana hafa lýst hinum grunaða sem ljóshærðum, grönnum manni um þritugt. Frekari lýsingu hefði hún ekki gefið sér.

Vegna rannsóknar máls þessa voru teknar tvær skýrslur af Í hjá RLR. Fyrri skýrslan er tekin um hádegi á nýársdag, og þar skýrir hún svo frá, að í íbúð sinni að, sem er þar á fyrstu hæð, hafi verið samkvæmi síðast-liðna nótt. Í kvaðst hafa farið að sofa um kl. 7 um morguninn og þá talið, að allir gestir væru farnir úr íbúðinni. Síðan hafi komið í ljós, að einn kunningi sinn hafi sofið í stofunni um nóttina. Í kvaðst hafa verið búin að neyta áfengis í samkvæminu og hafa verið undir áhrifum, þegar hún fór að sofa. Hún kvaðst þó alveg muna skýrt eftir atvikum. Hún kvaðst hafa farið inn í svefnherbergið og lagst þar alklaedd til svefnis á svefnbekk. Hún hafi verið klaedd heilum bol (sundbol), jakka og síðum buxum. Í sagðist síðan hafa vaknað, sennilega rétt eftir kl. 8.30, við það, að maður var að hafa við sig samfarir. Búið hafi verið að klæða sig úr öllum fötum, en hún hafi verið í skónum. Þegar hún vaknaði, hefði maðurinn haft lim sinn inni í leggöngum hennar og haft í frammi samræðishreyfingar. Þegar hún vaknaði, náði hún að hrinda manningum ofan af sér og stökkva út úr svefnherberginu. Maðurinn hefði lítið streist á móti og næstum því strax staðið upp. Hann hefði orðið eftir í herberginu svo og annar maður til, sem þar var. Í kvaðst hafa farið inn á snyrtiherbergið og lokað að sér, en eftir stutta stund hefði hún farið aftur inn í svefnherbergið til að klæða sig, og þá hefðu báðir mennirnir verið farnir út úr íbúðinni. Þá hefði aðeins áðurgreindur kunningi sinn verið sofandi á sófa í stofunni. Hún vakti hann og rak hann út. Í kvaðst lítið sem ekkert geta lýst manningum, er haft hafði við hana samfarirnar, þegar hún vaknaði. Henni fannst þó sem hann hefði verið ljóshærður og með liðað hár, sennilega um þritugt. Hún kvaðst ekki muna eftir neinum einkennum á honum og ekkert eftir klæðnaði hans. Maðurinn, sem verið hefði í herberginu, þegar hún vaknaði, hefði verið dökkhærður með stutt, slétt hár, og taldi hún hann meðalman á hæð, frekar grannan. Í kvað engin orðaskipti hafa átt sér stað á milli sín og manns þess, er haft hafði við sig samfarirnar, er hún vaknaði, en einhver orðaskipti áttu sér stað á milli manna í herberginu. Í kvað íbúð sína hafa verið ólæsta þarna um nóttina og morguninn. Hún hefði tekið lásinn af hurðinni fram á stigaganginn, og teppi hefði verið sett undir útihurð hússins, svo að hún hefði ekki lokast. Þetta hefði verið gert til þess, að gestirnir kæmust óhindrað í gleðskapinn.

Senni skýrslan, sem tekin var af Í hjá RLR, er tekin 2. janúar sl. Þar var Í nánar spurð um ástand sitt og samfarirnar. Hún kvaðst hafa verið

frekar mikið ölvuð, þegar hún fór að sofa á nýársdagsmorgun, en kvaðst að mestu leyti muna það, er gerst hafði í gleðskapnum í íbúð sinni. Það séu helst atburðir undir lok hans, sem séu dálítið óljósir. Hún kvaðst ekki geta gefið neina frekari lýsingu á þeim mönnum, sem voru inni í svefnherbergi hennar, er hún vaknaði. Annar mannanna hefði verið ljóshærður, en hinn dökkhærður. Henni finnst endilega, að það hafi verið sá ljóshærði, sem legið hafi ofan á sér, þegar hún hafi vaknað og áttaði sig á því, hvað var að gerast. Sá dökkhærði hafi verið úti á gólfi. Það kynni þó að hafa verið, að hún hafi eitthvað verið búin að rumska áður eða komast lítillaga til meðvitundar og þá séð þann dökkhærða úti á gólfinu. Það sé því ekki víst, að það hafi verið sá ljóshærði, sem hún hafi hrint frá sér, þegar hún vaknaði.

Þegar hér var komið sögu í rannsókn málsins, hafði ákærði verið yfirheyrður hjá RLR, og var í nú kynnt það, sem fram kom í framburði hans og nánar verður rakið hér á eftir. Hún kvaðst ekkert muna eftir því, er ákærði lýsti því, hvernig hún hefði brugðist við atlotum hans og tekið, að hans sögn, fullan þátt í samförunum. Þó sagði hún, að sér fyndist sem eitthvað hefði verið að gerast, meðan hún hefði verið á milli svefns og vöku, nánar tiltekið það, að maður hefði legið ofan á sér og verið að hafa við sig samfarir. Hún kveðst ekki geta fullyrt, en telja, að þetta hafi verið, rétt áður en hún hafi komist til fullrar meðvitundar. Þá kveðst hún vilja skýra frá því, að hún muni eftir að hafa svarað samfarahreyfingum manns þess, er haft hafi við sig samfarir að morgni nýársdags. Hún kvaðst ekki geta sagt til um, hvort það hefði verið allan tímann, sem samfarirnar stóðu, en taldi, að það hefði aðeins verið stutta stund. Hún kvaðst muna, að hún hefði komið til móts við manninn einhvern tíma. Hún hefði hins vegar hrint mannum frá sér, þegar hún vaknaði til fullrar meðvitundar og áttaði sig á, hvað var að gerast. Hún kvaðst ekki hafa skýrt frá þessu í fyrri skýrslu vegna þess, að hún hefði skammast sín fyrir að hafa svarað mannum í samförunum. Hún tók sérstaklega fram, að hún myndi alls ekki eftir því, hvernig hún hefði verið færð úr fötunum eða farið úr þeim. Þá kvaðst hún ekki muna eftir atlotum mannsins eða upphafi samfaranna.

Í kom fyrir dóm og staðfesti réttar skýrslur sínar. Hún skýrði frá því, að þarna um morguninn hefði hún vaknað við tal tveggja manna. Annar var að hafa við sig samfarir, en hún hélt, að hinn hefði verið úti á gólfi. Sá, sem var að hafa við hana samfarirnar, sagði eitthvað á þessa leið: „Þessi er alveg frábær“– og spurði síðan hinn manninn, hvort hann vildi ekki prófa líka. Við þetta kvaðst í hafa vaknað og uppgötvað þá, hvað var að gerast, og ýtt mannum frá sér. Hún hljóp síðan fram á snyrtiherbergið og lokaði að sér og var þá allsnakin, nema hvað hún var í skónum. Um leið og hún hljóp fram, öskraði hún á mennina og sagði þeim að fara

út. Þegar hún kom af snyrtiherberginu nokkru síðar, kvað hún mennina hafa verið farna úr íbúðinni og engan þar nema kunningja sinn, er hafi sofíð í stofunni um nóttina. Í kvað sér fyrst hafa orðið fyrir að ganga upp í V..... að heimsækja vin sinn, sem þar býr. Hann var ekki heima, og kom hún því til baka. Sérstaklega aðspurð um það, hvort hún hefði svarað samfarahreyfingum mannsins, svaraði hún því til, að hún myndi ekki segja, að hún hefði svarað þeim, en hún hefði komið til móts við manninn einhvern tíma einhverja stutta stund, og það hefði verið vegna þess, að hún hefði ekkert vitað, við hvaða mann hún var að hafa mök. Sér hefði fundist þarna vera um allt annan mann að ræða, hún hefði haft vin sinn í huga, þegar það var að ske. Þetta hefði verið í svefni, en svo, þegar hún hefði gert sér grein fyrir, hver það var, sem hafði við sig samfarirnar, og heyrði á tal mannanna, þá gerði hún sér grein fyrir, hvað væri að gerast, og hrinti mannum frá sér. Þá kvað hún það alrangt hjá ákærða, að hann hefði vakið sig og þau hjálpast að við að afklæðast og hún tekið fullan þátt í samförunum.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu að kvöldi nýársdags. Hann skýrði svo frá, að hann hefði verið að skemmta sér á nýársnótt, og undir morgun hefði hann farið að ásamt kunningja sínum og heimsótt þar H....., systur sína. Þar dvöldust þeir nokkra stund, en síðan fór ákærði á brott ásamt V..... G..... Þegar þeir voru að fara út úr húsinu, ákváðu þeir að koma við í íbúðinni, þar sem samkvæmið hafði verið um nóttina, til að athuga, hvort það væri ekki í raun búið. Ákærði kvað dyr íbúðarinnar hafa verið ólæstar, og hefðu þeir gengið þar inn. Þar sáu þeir sofandi karlmann í sófa í stofunni. Í svefnherbergi hefði legið stúlka sofandi í rúmi. Ákærði kvaðst hafa gengið til hennar og sest við hlið hennar og farið að tala við hana um samkvæmið. Hann kvað hana hafa svarað sér og virtist sem hún vaknaði. Hann kvaðst hafa sett handlegginn utan um hana, á meðan hann var að tala við hana, og þegar hún gerði engar athugasemdir við það, kvaðst hann hafa farið að láta vel að henni í þeim tilgangi að hafa við hana samfarir. Hann kvaðst telja, að hann hefði kysst hana á hálsinn og víðar, og hefði hún tekið á móti atlotum sínum. Þau fóru síðan að hafa samfarir, og kvað hann stúlkuna hafa tekið fullan þátt í þeim, og hefði samræði þeirra verið mjög gott. Hann kvaðst telja, að stúlkann hefði verið alveg vakandi, enda tekið fullan þátt í samförunum. Hann kvaðst minnst þess, að hann hefði verið „inni í henni“ og síðan hefði hann sleikt á henni kynfærin og síðan verið aftur „inni í henni“. Hann kvaðst hafa verið mjög galsafenginn, á meðan hann hafði samfarirnar við stúlkuna, og kvaðst hann minnst þess að hafa sagt við V....., sem var inni í herberginu að minnsta kosti eitthvað af tímanum, „að þetta væri alveg ædisleg kona og hvort V..... vildi ekki elska hana“. Hann kvaðst

ekki muna, hver viðbrögð V..... voru við þessu, en taldi útilokað, að hann hefði haft við hana samfarir. Undir lokin, þegar samfarirnar hefðu staðið í nokkuð langan tíma og farið var að draga af ákærða, kvað hann stúlkuna hafa dregið sig skyndilega frá sér og farið fram á salernið. Hann kvaðst hafa orðið ráðvilltur við þetta og ekki áttað sig á ástæðunni fyrir því, þar sem samfarirnar hefðu verið mjög góðar fram að þessu. Hann kvaðst hafa verið tilbúinn að halda áfram, enda ekki verið búinn að fá fullnægingu, en kvaðst ekki muna, hvort hann reyndi að fá stúlkuna til þess eða ekki. Í framhaldi af þessu hefði hann klætt sig og þeir V..... síðan farið út úr húsinu.

Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að sér hefði verið boðið í samkvæmi að, en hann hefði ekki komið þangað, fyrr en langt hefði verið liðið á morgun. Með sér hefði verið V..... G..... Þeir vildu athuga, hvort einhverjar glæður væru einþá í samkvæminu, og fóru inn í íbúðina. Þar voru tvær manneskjur fyrir, karlmaður, er var í stofunni, og kona, sem var inni í svefnherberginu, en þangað kvaðst ákærði hafa farið. Hann kvaðst hafa gengið til hennar og sest við hliðina á henni og byrjað að tala við hana. Hún hefði svarað sér, og fyrst snerust samræðurnar um samkvæmið, en síðan fór hann að láta vel að konunni, og fóru þá samræðurnar að snúast um það. Hann kvaðst aldrei hafa fundið fyrir því, að hún væri mótfallin þeim atlotum, sem hann sýndi henni, og virtist hún taka þátt í þeim. Að minnsta kosti kvaðst hann ekki hafa skynjað neitt annað. Hann kvaðst hafa vakið stúlkuna og síðan hjálpað henni við að afklæðast. Hann kvaðst hafa látið vel að henni, strokið hana á hálsinn, og við það virtist hafa komið upp kynlíflöngun hjá þeim báðum. Ákærði kvaðst hafa fært sig sjálfan úr fötunum. Hann kvaðst hafa haldið áfram að láta vel að konunni, strokið henni og fengið hana til þess að koma á móts við sig. Hún hefði tekið utan um sig, og í framhaldi af því hefði hann farið með lim sinn inn í hana. Eftir svolitla stund hefði hann farið að sleikja á henni kynfærin. Henni hefði líkað þetta mjög vel, og í framhaldi af því kveðst hann hafa lagst ofan á hana aftur og farið með liminn inn í hana jafnframt því að kyssa hana og strjúka henni um brjóst og víðar. Ákærði kvaðst hafa verið mjög ánægður í þessum samförum, og hann hefði fengið konuna til að koma vel á móti sér. Þegar þau voru þarna að hafa samfarirnar, hefði V..... komið inn í herbergið, og kvaðst ákærði þá hafa sagt við hann eitthvað á þá leið, hvort hann hefði eitthvað á móti því að vera með þessari konu líka. Ákærða fannst eins og konan brygðist neikvætt við þessu og færi til baka. Í framhaldi af því hefði hún færst undan og ekki viljað halda áfram samförunum og þeim því lokið. V..... sagðist ekki vilja taka þátt í þessu. Nánar aðspurður um það, hvernig samfarirnar enduðu, kvað ákærði, að sér hefði fundist eins og konan

hefði ýtt á brjóstið á sér, og þá hefði hann farið til hliðar, og við það hefði hún staðið upp. Þá kvaðst hann hafa skynjað, að hún vildi hætta þessu, og hefði ekkert reynt að fá hana til við sig aftur. Hún hefði síðan farið fram á salernið og hann þá áttað sig á því, að hann hefði eyðilagt þetta allt með því að vera að gantast við V..... Upp úr því hefðu þeir farið úr húsinu. Hann hefði reynt að kalla til stúlkunnar inni á salerninu, en engin svör fengið og þeir farið í framhaldi af því. Ákærði kvaðst hafa verið mjög ölvaður þetta kvöld. Hann kvaðst hafa skynjað, að stúlkan væri drukkin, en ekki neitt ofurölvi. Hann kvaðst ekkert hafa þekkt þessa stúlku. H....., systir sín, hefði boðið sér í þetta samkvæmi, en hún og Í hefðu haldið það saman.

V..... G..... var með ákærða á nýársnótt og fór með honum að að morgni nýársdags. Fyrst dvöldust þeir hjá H....., systur ákærða, en fóru síðan niður á fyrstu hæð hússins og þar inn í íbúð. V..... fór inn í stofu og fór þar að tala við mann, er þar var. Ákærði fór hins vegar inn í svefnherbergi. V..... kvaðst hafa litið þarna inn á að giska 15 mínútum síðar og þá séð, að ákærði var þar í samförum við stúlku. Eftir því sem hann mundi best, hefðu stúlkan og Jóhann bæði verið nakin og ekki haft sæng yfir sér. V..... kvaðst ekki hafa séð annað en að um eðlilegar samfarir hefði verið að ræða, og ekki gat hann séð, að stúlkan hefði haft neitt á móti þeim. Að minnsta kosti kallaði hún ekki á hjálp né virtist á nokkurn hátt reyna að verjast samförunum. Hann kvað stúlkuna hafa legið á bakinu og ákærða ofan á. V..... kvaðst hafa spurt ákærða að því, hvort hann væri ekki að koma, því að hann vildi fara. Hann kvað þau hafa hætt í samförunum, um leið og hann kom inn. Þá hefði ákærði spurt sig, hvort hann hefði áhuga á því að sofa hjá stúlkunni líka, en hann svaraði: „Nei, takk.“ Í framhaldi af því kvaðst hann hafa farið fram og ákærði komið á eftir stuttu seinna og þeir farið. Hann kvaðst ekki muna, hvort stúlkan hefði komið á eftir þeim fram. V var sérstaklega spurður að því, hvort stúlkan hefði getað verið sofandi eða í einhvers konar dái, en hann svaraði því til, að hún hefði verið glaðvakandi, og kvaðst byggja það á því, að hún hefði séð sig og að hann hefði verið kallaður fyrir daginn eftir og kærður fyrir nauðgun. Hann kvað viðbrögð þeirra við því, að hann kom inn í herbergið, hafa verið þau, að þau hættu í samförunum. Hann kvaðst ekki geta skýrt frá því, hvort þeirra hefði átt frumkvæðið að því, að þau hættu. Undir V..... var borin sú fullyrðing Í, að þegar hún hefði heyrt ákærða bjóða honum að hafa samfarir við hana líka, þá hefði hún ýtt ákærða frá sér og hlaupið fram á baðherbergi. V..... kvað það vel geta verið rétt hjá Í.

B..... Þ... H..... var í samkvæminu hjá Í á nýársnótt og sofnaði þar

í stofunni. Hann kvaðst ekkert muna eftir því, að menn hefðu komið inn í íbúðina, og kvaðst ekki hafa orðið var við neitt, er máli skiptir hér. Hann mundi ekki einu sinni eftir því, að Í hefði rekið sig út úr íbúðinni. Hann kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis í samkvæminu, og Í hefði einnig verið ölvuð. Hann kvað hana ekki hafa verið áberandi ölvaða, bara í góðu skapi eins og allir aðrir.

S..... E..... S..... skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði verið í samkvæminu hjá Í á nýársnótt ásamt unnustu sinni, H....., systur ákærða. Hann kvað Í hafa verið orðna svolítið drukkna, og hefði hann því tekið stereotæki H..... og farið með þau upp í íbúð þeirra. Í framhaldi af því fór hann að sofa og vaknaði síðan við það, að dyrabjöllunni var hringt. Þar var Í komin og sagði, að búíð væri að nauðga sér. Hann kvaðst hafa boðið henni inn, og hefði lagst upp í rúm hjá H..... Hann kvað Í hafa verið í móðursýkiskasti, líka í rauninni blindfulla. Þegar hann kvaðst ætla að hringja á lögregluna, varð hún enn verri og vildi alls ekki láta hringja á hana. Hann kvaðst ekkert hafa hlustað á það, heldur hringt á lögregluna. Þegar lögreglan kom, vildi hún fá að tala við Í og fá hana til að koma með sér til rannsóknarlögreglu ríkisins, en Í vildi alls ekki koma, hún lá bara uppi í rúmi grenjandi og alveg vitlaus. S..... kvað sig, H.... og lög-reglukonuna hafa reynt að tala Í til, og á endanum tókst að fá hana til rannsóknarlögreglunnar. S..... kvað Í ekki hafa getað gefið sér nákvæma lýsingu á því, hvað hefði gerst, nema hvað mennirnir hefðu verið tveir, og annar þeirra hefði horft á, á meðan hinn hefði framkvæmt verknaðinn. Hún hefði litla lýsingu getað gefið á mönnunum nema kannski, hvað varðaði stærðina. Þá hefði hún einnig verið að tala um einhvern dökkhærðan og einhvern ljóshærðan, og minnti S..... helst, að hún hefði sagt, að þessi dökkhærði hefði horft á. S..... kvað Í hafa sagt þeim, að atburðurinn hefði gerst fyrir einhverjum tíma, og hefði hún farið út að ganga í milliðinni og síðan komið upp til þeirra.

H.... I....., systir ákærða, kom fyrir dóm og skoraðist undan því að þurfa að bera vitni.

Að lokinni fyrri yfirheyrslu hjá RLR var Í skoðuð af Arnari Haukssyni kvensjúkdómalækni. Skoðun hans staðfesti, að samfarir hefðu verið hafðar við Í, og fannst ríkulegt magn heillegra sæðisfrumna í öllum sýnum, er tekin voru úr leggöngum Í.

Svala Thorlacius hrl. hefur lagt fram fyrir hönd Í skaðabótakröfu á hendur ákærða, samtals að fjárhæð kr. 420.000. Krafan sundurliðast þannig, að höfuðstóll er krónur 400.000 og lögmannskostnaður krónur 20.000. Í bréfi lögmannsins er krafan rökstudd á eftirfarandi hátt: „Líðan hennar í margar vikur eftir atburðinn var mjög slæm. Hún átti erfitt með að sofna á kvöldin, þorði ekki að vera ein heima og þurfti alltaf að hafa

einhvern hjá sér. Einnig fannst henni allir horfa á sig fyrirlitningaraugum, hvar sem hún fór. Líðan Í er smátt og smátt að skána, en ennþá er langt frá því að hún sé eins og hún á að sér að vera.“ Bréf þetta er dagsett 2. apríl 1990. Þá kemur einnig fram í bréfi lögmannsins, að ákærði hafi hringt til Í nokkrum dögum eftir atburðinn og bedist afsökunar og bedið hana að draga kærana til RLR til baka. Í staðinn ætlaði hann að greiða henni fjárupphæð og auk þess kosta sálfræðiaðstoð fyrir hana, ef hún þyrfti þess með. Þessu tilboði hafnaði Í og kvaðst ákveðin að halda málinu áfram. Hér fyrir dómi hefur ákærði hafnað skaðabótakröfunni. Fyrir dómi kom fram hjá honum, að hann hefði boðið henni fjárhagsaðstoð, ef hún þyrfti að fara til sálfræðings eða leita aðstoðar á annan hátt.

Niðurstaða.

Eins og nú hefur verið rakið, hefur ákærði viðurkennt að hafa farið inn í íbúð Í að morgni sl. nýársdags og haft samfarir við hana. Hann hefur hins vegar haldið því fram, að þær hafi verið með fullu samþykki hennar og þátttöku. Í hefur haldið því fram, að samfarirnar hafi átt sér stað án vitundar sinnar og hún hrint ákærða frá sér, strax og henni varð ljóst, hvað var að gerast.

Það, sem styður fullyrðingu ákærða auk framburðar hans sjálfs, er framburður V..... G..... Hann kvað Í hafa verið glöðvakandi og kvaðst byggja það á því, að hún hefði séð sig, enda hann svo kallaður fyrir, kærður fyrir nauðgun. Enn fremur styður það fullyrðingu ákærða, að Í er allsnakin, þegar samförunum lýkur, en ákærði hefur borið, að hann hafi aðstoðað hana við að afklæðast.

Það, sem styður fullyrðingu Í auk framburðar hennar, er framburður S..... E.... S..... og Þóru Jónasdóttur, eins og rakið hefur verið. Þeim ber saman um, að Í hafi verið í mikilli geðshræringu og nær óviðræðuhæf, er þau höfðu fyrst tal af henni eftir atburðinn. Þá er og á það að líta, að hafi samfarirnar átt sér stað með fullu samþykki Í og hún tekið þátt í atlotunum, er voru undanfari þeirra, eins og ákærði heldur fram, verður að telja það undarlegt af henni að kæra í upphafi rangan mann. Samkvæmt frumlögreluskýrslu telur hún þann grunaða vera grannan, ljóshærðan karlmann um þritugt, en dökkhærðan mann hafa verið í herberginu með þeim. Þessa sömu lýsingu gefur hún í fyrstu yfirheyrslu hjá rannsóknarlögrelgunni. S..... E..... kvað Í hafa talað um dökkhærðan mann og ljóshærðan, er hún kom í íbúð hans, og að þessi dökkhærði hefði horft á, að því er hann taldi við dómsyfirheyrslu, en hann var ekki yfirheyrður af rannsóknarlögrelgunni. Hér er það haft í huga, að ef samfarirnar hafi í upphafi verið með samþykki Í, kunni henni að hafa fundist sér misboðið, er ákærði spurði V....., hvort hann vildi ekki einnig vera með henni,

og hún þá ákveðið að hætta þeim. Hafi þetta verið ástæða kæru hennar, eru þeim mun meiri líkur til, að lýsing hennar í upphafi hefði verið greinarbetri. Ákærði og V..... eru svo til jafnaldrar, ákærði fæddur 1957, en V..... 1958. Ákærði er dökkhærður, en V..... ljóshærður. Á grundvelli framburðar Í og annarra var V..... yfirheyrður á undan ákærða og þá sem grunaður um verknaðinn.

Þegar framanritað er skoðað í heild, verður að telja sannað, að Í hafi verið sofandi, þegar ákærði hóf að hafa við hana samfarir. Það verður því að hafna þeim framburði ákærða, að hann hafi vakið hana og haft samfarir við hana með fullu samþykki hennar og þátttöku. Er þá byggt á framburði hennar um það atriði og framburði vitna um framkomu hennar eftir atburðinn. Þá verður og að leggja til grundvallar þá staðreynd, að hún kærir rangan mann, en ákærði og V..... eru ólíkir útlits. Þetta síðasttalda atriði styður þá fullyrðingu Í, að hún hafi vaknað við orðaskipti þeirra og þá séð framan í V....., en ekki ákærða, sem lá ofan á henni. Í beinu framhaldi af því hrindir hún ákærða af sér og rýkur út úr herberginu. Þegar litið er til þess, að Í var nokkuð drukkin, hafði nýlega sofnað, er komið var fram undir morgun, eftir að hafa skemmt sér alla nóttina, er ekki ósennilegt, að ákærði hafi getað fært hana úr fötunum, án þess að hún yrði þess vör. Við aðstæður sem þessar sofa menn að öllu jöfnu fast. Samkvæmt þessu hefur ákærði því gerst sekur um verknað þann, sem honum er gefinn að sök í ákæruskjali og er þar rétt færður til refsíákvæðis. Það skiptir ekki máli hér, þótt Í hafi svarað samfarahreyfingum ákærða undir lok samfaranna og þá talið sig vera í samförum við annan mann, enda brot hans þá þegar fullframið.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var ákæru frestað skilorðsbundið á hendur honum í 2 ár 1974 fyrir þjófnað. 1977 er hann dæmdur í 2 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir þjófnað og síðar sama ár í 1 mánaðar fangelsi með sama skilorði fyrir sams konar brot. Þá hefur hann 4 sinnum verið dæmdur í óskilorðsbundið varðhald fyrir umferðarlagabrot og 10 sinnum sæst á sektgreiðslur og tvisvar verið dæmdur í sektir fyrir sams konar brot. Síðast var gerð dómsátt við hann 13. júlí sl. vegna umferðarlagabrots. Refsing hans verður ákveðin með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga, og er hún hæfileg 6 mánaða fangelsi.

Samkvæmt þessum úrslitum verður ákærði dæmdur til að greiða Í skaðabætur, sem eru hæfilega metnar 200.000 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til þess, að hún leitaði lögfræðiaðstoðar við móttun kröfunnar.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 60.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhann Jónas Ingólfsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði Í kr. 200.000 í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., kr. 60.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.
